

Ed.

498. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr rikissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 kr.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera 300 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að byrjunarlaun fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr. byrjunarlaun.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum, eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.